

Nítjándi fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps haldinn að Breiðabliki 29. desember 2022 kl. 13:00.

Mætt eru Herdís Þórðardóttir, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Pröstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem að ritaði fundargerðina.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Boðað var til þessa auka fundar í sveitarstjórn vegna breytinga á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk, sem að gerð var 16. desember sl. á milli ríkis og sveitarfélaga.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

### 1. Útsvar 2023

Hækkun útsvarsálagningar vegna fjármögnunar þjónustu við fatlað fólk. Fyrir liggur samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 16.12.2022, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram.

Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirbyggjandi samkomulagi á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 16.12.2022, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 16.12.2022, samþykkir sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2023 hækki um 0,22% og verði 14,74%.

Tillagan samþykkt.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 13:15.

Guðbjörg Gunnarsdóttir sign

Herdís Þórðardóttir sign

Pröstur Aðalbjarnarson sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir sign

Sigurbjörg Ottesen sign

